

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

3. febrúar 2015

Efni: Umsögn um breytingatillögu og frávísunartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, 244. mál.

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 26. janúar sl. var Samtökum atvinnulífsins gefinn kostur á að skila umsögn um breytingatillöguna og frávísunartillöguna við upprunalegu tillöguna í máli 244.

Samtökin hafa ekki sent Alþingi umsögn um þingsályktunartillöguna en eru efnislega sammála henni og eins því að Alþingi geti samþykkt breytingar á tillögu ráðherra og af því leiðir að samtökin eru ósammála frávísunartillögunni.

Samtökin hafa áhyggjur af því ferli sem ákveðið var með lögum nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun með hliðsjón af margra ára reynslu þar sem fjölmargir aðilar víða að unnu að því að ná sátt um þau landsvæði þar sem nýta skyldi orkulindir og þau sem friða skyldi fyrir orkunýtingu.

Áhyggjur samtakanna snúa einkum að þrennu. Samkvæmt lögnum er verkefnisstjórnin skipuð pólitískum fulltrúum ráðherra hverju sinni auk eins fulltrúa sveitarfélaga. Þannig er ekki leitað til hagsmunaaðila um tilnefningar í verkefnisstjórnina, þeir hafa ekkert um vinnubrögð og skipulagningu þeirra að segja og vegna þess að verkefnisstjórnin er einráð um val einstaklinga í faghópa skapast hætta á því að allir sem að undirbúningi tillögu um vernd og orkunýtingu koma séu einsleitir hópur sem ekki tekst að skapa þá sátt sem ætlunin var með lögum nr. 48/2011.

Í öðru lagi virðist núverandi verkefnisstjórn nánast gera kröfu um heildstætt umhverfismat einstakra virkjanakosta eins og umfjöllun hennar um virkjanir í Þjórsá ber glöggt merki. En eftir að virkjanakostir á tilteknum svæðum hafa verið fluttir í nýtingarflokk á eftir að rannsaka þá frekar og í mörgum tilvikum koma í kjölfarið skipulagsáætlanir sveitarfélaga (með tilheyrandi umhverfismati) auk mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar virkjunar. Nauðsynlegt er að verkefnisstjórn á hverjum tíma taki mið af þessu.


Í þriðja lagi er nauðsynlegt að unnt verði að rannsaka virkjanakosti í biðflokki jafnvel þótt krafist sé mats á umhverfisáhrifum vegna rannsókna. Miklu nær er að niðurstaða umhverfismats ráði því hvort ráðist sé í rannsóknir en að þær séu bannaðar með lögum. Hættan er sú að virkjanakostir verði aldrei rannsakaðir eins og þörf kann að vera á og að þeir festist í biðflokki rammaáætlunar.

Þegar þáverandi ríkisstjórn kynnti rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma árið 1999 var henni lýst þannig: „Markmið Rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúruáfar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsroðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.”

Þannig átti að meta helstu virkjunarkosti samtímis og áhrif þeirra á náttúru og minjar, umhverfi, hlunnindi og byggð í ljósi orkugetu og hagkvæmni áður en einstakir virkjunarkostir kæmust á undirbúningsstig. Þannig yrði leitt í ljós hvar nauðsyn væri að vernda einstök landsvæði, bent á nauðsyn þess að komast hjá skaðlegum umhverfisáhrifum á öðrum svæðum og sveitarfélögum veitt leiðbeining um skipulag landnotkunar.

Samtökin telja æskilegt að lög nr. 48/2011 verði endurskoðuð og tryggð aðkoma hagsmunaaðila að verkefnisstjórn rammaáætlunar, að hlutverk verkefnisstjórnarinnar verði skilgreint nánar þannig að ekki sé verið að afla gagna sem eðlilegt sé að afla sé síðar í hugsanlegu skipulags/virkjanaferli og að tímarammi stjórnarinnar til umfjöllunar sé þrengdur, að tryggð sé aðkoma helstu hagsmunaaðila að faghópum og að skýrt sé að verndar- og orkunýtingaráætlun feli ekki í sér mat á umhverfisáhrifum einstakra virkjanakosta.

Virðingarfyllt,



forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs.